



Viðmið um ábyrga bankaþjónustu: Framvinduskýrsla fyrir árið 2022

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

2. febrúar 2023

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Landsbankans hf.

Við vorum ráðin af Landsbankanum hf. til að veita álit með takmarkaðri vissu á skýrslu Landsbankans um Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (e. Principles for Responsible Banking, PRB) fyrir árið 2022 ("PRB skýrslan").

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- Upplýsingar settar fram í skýrslu Landsbankans um Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB) fyrir árið 2022;

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með takmarkaðri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Landsbankans eru ábyrg fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1) og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með takmarkaðri vissu á PRB skýrslu Landsbankans. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur takmarkaðrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla takmarkaðrar vissu á því að PRB skýrslan sé án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með álit með takmarkaðri vissu (e. limited assurance) er minna að umfangi en staðfestingarverkefni með nægilegri vissu (e. reasonable assurance). Af því leiðir að staðfesting sem fæst er minni en væri í verkefni með nægilegri vissu. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning valinna lykilmælikvarða, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að taka saman og greina gögnin. Við tókum viðtöl við lykilstarfsmenn innan Landsbankans, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferðir til að tryggja réttmæti upplýsingagjafar í PRB skýrslu Landsbankans. Við höfum lagt mat á ferla, aðferðir, útreikninga og eftirlitsþætti sem stuðst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Landsbankanum. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeirra gagna sem við höfum aflað, hefur ekkert komið í ljós sem bendir til nokkurs annars en að upplýsingar í PRB skýrslu Landsbankans fyrir árið 2022 séu að öllu verulegu leyti sett fram í samræmi við Viðmið um ábyrga bankastarfsemi.

Kópavogi, 2. febrúar 2023

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir

Birna María Sigurðardóttir
Endurskoðandi

Upplýsingaskýlda undir PRB		GRI vísir		Upplýsingaskýlda
1,1	Lýsið viðskiptalífikani bankans, þ.m.t. helstu viðskiptavinahópum, helstu vörum og þjónustu, helstu atvinnugreinum og starfsemi, og þar sem við á, helstu tækni sem bankinn fjármagnar á því landsvæði sem bankinn starfar eða veitir vörur og þjónustu.	2-1	Um fyrirtækið	Sjá GRI 2-1 í GRI Standards tilvísanatöflu, bls. 5
		2-6	Starfsemi, virðisbætur og önnur viðskiptasambönd	Sjá GRI 2-6 í GRI Standards tilvísanatöflu, bls. 6
1,2	Lýsið því hvernig bankinn hefur og/eða ætlar sér að aðlagastefnu sína að og leggja sitt af mörkum til að ná markmiðum samfélagsins, eins og þau eru skilgreind í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulaginu og viðeigandi landslögum og -reglum	2-22	Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærri þróun	Sjálfbærnistefna Landsbankans
2,1	Áhrifagreining: Útskýrið hvernig bankinn hefur beitt áhrifagreiningu til að auðkenna þau svið þar sem hann getur haft mest (möguleg) áhrif, bæði jákvæð og neikvæð. Áhrifagreiningin þarf að taka til eftirfarandi þátta: A) Áhrif: Greiningin tók til kjarnastarfsemi bankans og vara/þjónustu á helstu landsvæðum þar sem bankinn starfar og sem gerð var grein fyrir í lið 1.1. b) Áhrifasvið: Við greiningu á þeim sviðum þar sem bankinn getur haft einna mest áhrif hefur verið tekið tillit til staðsetningar útibúa/afgreiðslustöðva, atvinnugreinaskiptingu viðskiptavina og tæknimála. c) Samhengi og mikilvægi: Bankinn hefur tekið tillit til mikilvægustu áskorana og verkefna í sjálfbærniþróun á starfssvæði sínu. d) Umfang og mikilvægi áhrifa: Við greiningu á sviðum þar sem bankinn getur haft mest áhrif hefur bankinn metið umfang og mikilvægi (mögulegra) félagslegra, hagrænna og umhverfislegra áhrifa starfsemi sinnar og af vörum og þjónustu. (Bankinn skal byggja greiningu sína á samræði við viðeigandi hagsmunaaðila við vinnu að c) og d).). Sýnið fram á að bankinn hafi notað greininguna til að finna og upplýsa um mikilvægustu (mögulegu) áhrifin, bæði jákvæð og neikvæð. Sýnið fram á að bankinn hafi notað greininguna til að greina góð viðskiptatækifæri í tengslum við að hámarka jákvæð áhrif / draga úr neikvæðum áhrifum	3-3	Lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt	
				Sjá GRI - lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt. Í viðauka við GRI Standards tilvísanatöflu, bls. 8
2,2	Sýnið fram á að bankinn hafi sett sér og greint opinberlega frá a.m.k. tveimur skilgreindum, mælanlegum (hvort sem er á eigindlegan eða megindlegan hátt), raunhæfum og tímasettum markmiðum þar sem unnið er a.m.k. að tveimur af þeim sviðum þar sem hann getur haft mest áhrif í gegnum starfsemi sína og í gegnum vörur og þjónustu. Sýnið að markmiðin tengist og ýti undir framgang vinnu að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmiðum Parísarsamkomulagsins og öðrum viðeigandi alþjóðlegum eða staðbundnum viðmiðum. Bankinn skal marka sér grundvallar tímalínu (miðað við ákveðið ár) og setja sér markmið á þeim grunni. Sýnið að bankinn hafi greint og viðurkennt mikilvæg (möguleg) neikvæð áhrif af settum markmiðum á aðrar hliðar heimsmarkmiða SP/loftslagsaðgerða/samfélagsmarkmiða og að hann hyggist grípa til viðeigandi ráðstafana til að hámarka eins og mögulegt er heildar jákvæð áhrif settra markmiða.			Sjálfbærnimarkmiðum Landsbankans er stýrt af sjálfbærnistefnu bankans og þau eru ákvörðuð út frá mikilvægisþáttagreiningu bankans. Landsbankinn vinnur markvisst að fjórum heimsmarkmiðum sem eru tilgreind í sjálfbærnistefnu bankans.

2,3	Áætlanir til að koma markmiðum í verk og eftirlit Sýna að bankinn hefur skilgreint aðgerðir og viðmið til að ná settum markmiðum. Sýna að bankinn hafi bæði aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með framvindu að settum markmiðum. Skilgreiningar á helstu frammistöðuvísum, hvers konar breytingar á skilgreiningunum og breytingar á grundvallar tímálínum skal vera gagnsæ.			Sjálfbærnistefna Landsbankans
2,4	Framvinda við vinnu að markmiðum Fyrir hvert markmið skal: Sýna að bankinn hafi framkvæmt þær aðgerðir sem ráðast átti í til að ná settum markmiðum. Ef ekki, útskýra hvað olli því að ekki var ráðist í aðgerðir eða fyrirhuguðum aðgerðum breytt og þá hvernig bankinn hefur aðlagð áætlun sína til að ná settum markmiðum. Greinið frá árangri bankans á 12 mánaða tímabili (18 mánuðir fyrir fyrstu skýrslu nýrra meðlima) við vinnu að settum markmiðum og áhrifum sem framvindan hefur haft (þar sem það er viðeigandi og verður komið við, skulu talnagögn fylgja).			Sjá GRI - lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt. Í viðauka við GRI Standards tilvísanatöflu, bls. 3-8
3,1	Yfirlit yfir stefnur og verkferla sem bankinn hefur markað og/eða ætlar að setja sér að setja til að efla ábyrg viðskiptasambönd. Hér skal greina frá helstu upplýsingum um verkefni og aðgerðir sem farið hefur verið í (og/eða eru á dagskrá), umfang þeirra og, þar sem við á, niðurstöður.			Upplýsingar um fræðslu starfsfólks má finna í viðauka við GRI-tilvísunartöflu á bls.19-22 en hluti fræðslunnar er skyldufræðsla.
3,2	Lýsið vinnu bankans og/eða áformum um samstarf við viðskiptavini sem miðar að því að efla sjálfbær vinnubrögð og sjálfbærni í hagkerfinu. Nefnið aðgerðir sem gripið hefur verið til/eru á dagskrá, vörur og þjónustu og, þar sem við á, niðurstöður.			Einnig má finna upplýsingar um skyldufræðslu fyrir allt starfsfólk um ráðstafanir gegn spillingu og misferli á bls. 11-13 í viðauka við GRI Standards tilvísunartöflu og upplýsingar um fræðslu í bankanum á bls. 19-22
4,1	Lýsið þeim hagsmunaaðilum (eða hópum/gerðum hagsmunaaðila) sem bankinn hefur haft samráð við, virkjað eða unnið með í þeim tilgangi að hrinda viðmiðunum í framkvæmd og auka jákvæð áhrif bankans. Hér skal veita yfirlit yfir helstu upplýsingar um verkefni og aðgerðir sem farið hefur verið í (og/eða eru á dagskrá), umfang þeirra og, þar sem við á, niðurstöður.	2-29	Aðkoma hagsmunaaðila - nálgun	Sjá GRI Standards viðauki, bls. 2
		3-3	Lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt	
5,1	Lýsið viðeigandi stjórnarháttum, stefnum og verkferlum sem bankinn hefur innleitt/áætlað að innleiða til að stýra mikilvægum (mögulegum) áhrifum, bæði jákvæðum og neikvæðum, og til að stuðla að skipulegri innleiðingu viðmiðanna.	2-9	Stjórnskipulag og skipurit	Sjá stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2022
		2-13	Framsal ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa	Sjá stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2022
		2-13	Framsal ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa	Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnu Landsbankans. Stefnan skal rýnd og uppfærð á tveggja ára fresti.
				Sjálfbærnistefna
		2-17	Heildarþekking æðstu stjórnar	Sjá stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2022
				Starfsreglur bankaráðs

5,2	Lýsið verkefnum og ráðstöfunum sem bankinn hefur innleitt/ áætlað að innleiða til að rækta fyrirtækjamenningu ábyrgðar bankastarfsemi meðal starfsfólks. Hér skal m.a. geta eflingar þekkingar meðal stjórnenda, atriða í starfskjarastefnu, við árangursstjórnun og upplýsingamiðlunar stjórnenda.	2-23	Skuldbindingar skv. stefnumiðum	Sjálfbærnistefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði
		2-12	Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa	Sjá stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2022
		2-19	Starfskjarastefnur	Starfskjaranefnd
				Ársreikningur samstæðu 2022
5,3	Stjórnskipulag við innleiðingu viðmiðanna Sýnið að í bankanum sé við lýði stjórnskipulag sem styður innleiðingu PRB, þ.m.t.: a) markmið og aðgerðir til að ná settum markmiðum b) aðgerðir til úrbóta þegar markmiðum eða áföngum er ekki náð eða óvænt neikvæð áhrif greinast			Markmið voru sett árið 2019 og eru endurskoðuð árlega. Þegar markmiðum er ekki náð eða ljóst að þau þarfnast endurskoðunar kemur það í ljós við árlega endurskoðun og er þeirri vinnu miðlað í gegnum árlega árs- og sjálfbærnisráðgjöf Landsbankans.

6,1	Árangur í innleiðingu viðmiða um ábyrgð bankastarfsemi			Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í vinnu við að þróa aðferðarfræði PCAF-loftslagsmælisins fyrir fjármálafyrirtæki sem kom í fyrsta skipti út í nóvember 2020. Landsbankinn mælir losun frá lána- og eignasafni sínu og gefur út PCAF skýrslur um hana.
	Sýnið árangur bankans við innleiðingu á viðmiðunum sex á næstliðnu 12 mánaða tímabili (18 mánaða tímabil ef um fyrstu skýrslu nýrra meðlima er að ræða), auk markmiðasetningar og innleiðingu markmiða á minnst tveimur sviðum (sjá 2.1-2.4).			Árið 2022 skuldbatt bankinn sinn til að miðla loftslagsáhrætti samkvæmt TCFD og er henni miðlað í gegnum Pillar III skýrslu bankans. Árið 2022 varð bankinn einnig aðili að PBAF (e. Partnership for Biodiversity Accounting Financials) samtökum sem vinna að þróun aðferðafræði til að mæla áhrif útlána og eignasafna fjármálafyrirtækja á líffræðilega fjölbreytni á vísindalegan og samræmdan hátt. Hin raunverulegu áhrif af starfsemi bankans á líffræðilega fjölbreytni eru í gegnum lána- og eignasöfn og það er mikilvægt að þekkja þau. Þegar mat á áhrifum bankans á líffræðilega fjölbreytni hefur verið framkvæmt verður því miðlað í gegnum árs- og sjálfbærnisráðgjöf bankans.
	Sýnið að bankinn hafi tekið tillit til núverandi og nýrra alþjóðlegra/svæðisbundinna góðra starfshátta sem eiga við um innleiðingu sex viðmiða um ábyrgð bankastarfsemi, að bankinn hafi haft hliðsjón af slíkum atriðum við stefnumótun og fyrirtælanir um að aðlaga starfsemi að góðum starfsháttum.			
	Sýnið að bankinn hafi innleitt/vinni að innleiðingu breytinga á núverandi starfsháttum til að aðlagast og vinna samkvæmt núverandi og nýjum alþjóðlegum/svæðisbundnum góðum starfsháttum og hafi náð árangri í innleiðingu viðmiðanna.			

Skilið einnig inn niðurstöðum/yfirlýsingu bankans ef skilyrðum við framgang innleiðingar viðmiða um ábyrgð bankastarfsemi hefur verið mætt.

Landsbankinn heldur áfram sjálfbærnivegferð sinni sem hófst fyrir rúmlega áratug. Viðmið um ábyrgð bankastarfsemi hjálpa bankanum að vinna af enn meiri staðfestu að markmiðum okkar, sérstaklega hvað varðar mælingu á losun frá lána- og eignasafni bankans. Landsbankinn var þegar þátttakandi í ýmsum verkefnum sem vinna að sjálfbærni og hefur þátttaka bankans í PRB hjálpað honum að skilgreina enn frekar hvar sé mikilvægt fyrir bankann að einbeita sér. Hefur niðurstaðan verið sú að mikilvægast sé að þekkja losun frá lána- og eignasafni bankans svo hægt sé að vinna að minni losun þar í gegnum vörur bankans. Þær má svo þróa með sjálfbærri fjármálaumgjörð bankans sem var gefin út árið 2021. Á undanförmu ári hefur mikilvægi þess að þekkja áhrif starfsemi bankans á líffræðilegan fjölbreytileika einnig komið glögglega í ljós og er ekki síður mikilvægt að þekkja þau áhrif en losun frá lána- og eignasafni. Enda eru þetta náskyld atriði sem tengjast hvort öðru og geta haft áhrif á hvort annað.